



Meiri afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum

Útflutningur á vöru og þjónustu nam 398,2 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi og jókst hann um 41,9 ma.kr. eða um 11,8% frá sama tímabili í fyrra. Innflutningur vöru og þjónustu nam hins vegar 318 ma.kr. á fjórðungnum og jókst um 31 ma.kr. eða um 10,9% milli ára. Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum nam því 80 ma.kr. og jókst um 11 ma.kr. eða 15,4% milli ára. Þetta er þriðji mesti afgangur sem mælst hefur af vöru- og þjónustuviðskiptum hér á landi á þriðja fjórðungi en metið er frá árinu 2016 þegar afgangurinn mældist 100,4 ma.kr. Árið 2015 mældist einnig meiri afgangur en nú en þá nam hann 81,4 ma.kr.




Þjónustujöfnuður heldur uppi afgangi á vöru- og þjónustuviðskiptum

Sá afgangur sem verið hefur á vöru- og þjónustuviðskiptum á þriðja ársfjórðungi á síðustu árum skýrist einungis af jákvæðum þjónustujöfnuði enda hefur vöruskiptajöfnuður verið neikvæður á þessum árstíma frá og með árinu 2014. Síðustu árin fyrir hrun var töluvert mikill halli á vöru- og þjónustuviðskiptum á þriðja ársfjórðungi og skýrðist hann einungis af miklum halla á vöruviðskiptum en aldrei mældist halli á þjónustuviðskiptum á þessu tímabili.

Hér er þó rétt að benda á að töluverð árstíðarsveifla er á þjónustujöfnuðnum. Hann er jafnan langmestur á þriðja fjórðungi ársins og frá árinu 2009 hefur tæplega helmingurinn af þjónustuafgangi hvers árs komið til á þriðja ársfjórðungi. Ástæðuna fyrir því má rekja til þess að mest af þjónustuútflutningi landsins kemur til á þriðja ársfjórðungi sem er háannatími í ferðaþjónustu.

Ögn minni afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum á fyrstu þremur fjórðungum ársins

Á fyrstu þremur fjórðungum ársins nam útflutningur á vöru og þjónustu 994 ma.kr. Hann jókst um 97 ma.kr. milli ára eða um 10,8%. Innflutningur á vöru og þjónustu nam hins vegar





904 ma.kr. og jókst um 100 ma.kr. milli ára eða um 12,4%. Afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum nam því 90 ma.kr. og dróst saman um 3 ma.kr. eða 2,7%.

Minni vöxtur í ferðaþjónustu

Útflutningur ferðaþjónustu nam 417 mö.kr. á fyrstu þremur fjórðungum ársins og jókst hann um 11 ma.kr. eða 2,5%. Þetta er töluvert minni vöxtur en síðustu ár. Á síðasta ári jókst útflutningur ferðaþjónustu um 33 ma.kr. eða 8,9%. Minnkandi vöxt má einfaldlega rekja til minni fjölgunar erlendra ferðamanna sem skýrist að hluta til af sterku gengi krónunnar. Krónan hefur reyndar gefið talsvert eftir á síðustu mánuðum og á eftir að koma í ljós hvaða áhrif það mun hafa á vöxt í ferðaþjónustu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.